




Umsögn um frumvarp til laga um Íslandsstofu
(lagt fyrir Alþingi á 138. Löggjafarþingi 2009-2010)

Verkefnisstjórn Fjárfestingarstofu sem skipuð er tveimur fulltrúum skipuðum af iðnaðarráðherra og einum fulltrúa skipuðum af stjórn Útflutningsráðs setur fram eftirfarandi SJÓNARMÍÐ við frumvarpið:

1. Verkefnisstjórnin fagnar framkomnu frumvarpi til laga og telur stofnun Íslandsstofu skapa möguleika á heilsteyptri stefnumótun í orðspors og ímyndarmálum Íslands. Stjórnin telur jafnframt ákaflega mikilvægt að með stofnun Íslandsstofu sé markvissri kynningu á Íslandi fyrir beina erlenda fjárfestingu skipaður fastur sess.
2. Vakin er athygli á ósamræmi í orðalagi í 3.gr og athugasemdum við 3.gr. Í 3.gr. stendur: Stjórnin *skal*, í samráði við viðkomandi fagraðuneyti, skipa sérstakar verkefnastjórnir um áherslur í markaðs- og kynningarmálum ferðaþjónustunnar erlendis.... Í athugasemdum með 3.gr. stendur: Gert er ráð fyrir að stjórninni sé *heimilt*, í samráði við viðkomandi fagraðuneyti....
3. Verkefnisstjórnin gerir tillögu um breytingu á 5.gr. tölulið 1. Við tölulið 1. bætist 4.mgr: Íslandsstofa skal á hverjum tíma verja 14% af tekjum af markaðsgjaldi hið minnsta, til að vinna að markaðssetningu á Íslandi fyrir beina erlenda fjárfestingu.

Eðlilegt er að rætt sé um þetta atriði í tengslum við ákvæði um markaðsgjaldið fremur en í sambandi við tölulið 5 í 5. grein auk þess sem framsetningin er einfölduð. Af þessari tillögu leiðir að breytingu þyrfti að gera á tölulið 5 í 5. gr. eins og hér segir:

4. 5.gr. Töluliður 5 hljóði svo: Sérstök framlög og aðrar tekjur.
Restin af málsgreininni fellur burt.

f.h. verkefnisstjórnar

Þórhur H. Hilmarsson
Forstöðumaður Fjárfestingarstofu